



VR

blaðið

3. tbl. 24. árg. – Maí 2002 – Upplag: 20.500

Viðtal við Magnús L. Sveinsson:

**Baráttumál og
mannréttindi**

**LÍV flytur á
skrifstofu VR**

**Þjónustuver
opnað á
Akranesi**

**6% lágmarks-
launahækkun**

Aðalfundur 2002:

**Veigamiklar breytingar
á lögum VR**

Á fjölskylduhátíð í
Laugardal á frídegi
verslunarmanna árið 2000

Mynd: Kristján Maack

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson

Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir

Útlit: Ólafur Gaukur

Umbrot og prentvinnsla:
Prentmet ehf.

Forsíðumynd: Kristján Maack

Starfsfólk á skrifstofu:

Gunnar Páll Pálsson formaður, Guðmundur B. Ólafsson lögfræðingur, Magnús L. Sveinsson, Sigurlaug Hilmarsdóttir fjármálastjóri, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramáladeildar, Alda Sigurðardóttir, Anna Björg Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árne Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Níelsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlökkversdóttir, Gunnar Kristinn Hilmarsson, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Heiða Björg Tómasdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Laufey Eydal, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósefsson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Víktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson, Valdís Haraldsdóttir.

Varamenn: Ingvaldur Sigurðardóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannesson.

Stjórn Orlofssjóðs VR:

Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Reynir Jósefsson, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir og Sigurður Sigfússon.

Stjórn Sjúkrasjóðs VR:

Gunnar Páll Pálsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefanía Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sigurður Sigfússon.



Mynd: Gunnar Kr. Hilmarsson

Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, tekur við viðurkenningu úr hendi Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR.

Fyrirtæki ársins í sjötta sinn

Nýlega heiðraði VR í sjötta sinn Fyrirtæki ársins. Hugmyndin með þessari viðurkenningu er að gefa félagsmönnum og stjórnendum fyrirtækja mælikvarða á starfsumhverfi með það að leiðarljósi að það verði til þess að það batni enn frekar. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikla fylgni milli þeirra aðstæðna sem fyrirtæki skapa starfsmönnum sínum og árangurs þeirra.

Valið á Fyrirtæki ársins byggir á viðhorfskönnun þar sem launþegar gefa vinnustað sínum einkunn með því að svara yfir 50 spurningum um vinnustað sinn. Aðferðafræði könnunarinnar byggir á rannsóknnum Bandaríkjamannsins dr. Roberts Leverings sem undanfarna tvo áratugi hefur sérhæft sig í vinnustaðarannsóknnum og ráðgjöf til fyrirtækja. Rannsóknir hans hafa leitt í ljós að vellíðan starfsfólks hefur áhrif á afköst fyrirtækisins, ímynd þess og samkeppnisstöðu. Rannsóknarstofnun Leverings, Great Place to Work Institute, gefur árlega út bókina „100 bestu vinnustaðir Bandaríkjanna“. Niðurstöðurnar njóta almennrar viðurkenningar sem áreiðanlegur mælikvarði á hvað geri fyrirtæki að eftirsóttum vinnustað sem stendur undir væntingum starfsmanna sem og stjórnenda.

Hugmyndafræðin sem býr að baki Fyrirtæki ársins er sú að innra starfsumhverfi fyrirtækja hafi meiri áhrif á afkomu þeirra en ytri rekstrarskilyrði. Þættir á borð við tækni, fjármagn, vaxtastig, verðbólgu, gengis- og verðlagspróun koma með svipuðum hætti við afkomu allra fyrirtækja og skipta þegar

upp er staðið því minna máli en mannauður fyrirtækisins. Þau fyrirtæki sem einhverra hluta vegna virkja illa eða ekki mannauð sinn, geta hvorki fært sér í nyt hagstæð ytri skilyrði, né brugðist við neikvæðum rekstrarskilyrðum eða utanaðkomandi áföllum. Niðurstöður könnunarinnar eru starfsmönnum og fyrirtækjum því hafsþór af fróðleik um starfsaðstöðu hverju sinni, veita upplýsingar um þróun yfir tíma, um einstaka þætti og samanburð við önnur fyrirtæki.

Háskólinn í Reykjavík, sem var að taka þátt í könnuninni í fyrsta skipti, varð hlutskarpastur í flokki stærri fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri. Í öðru sæti varð Teymi hf. og Anza hf. hafnaði í því þriðja. Tandur hf. varð hlutskarpastur í flokki minni fyrirtækja þriðja árið í röð. Í öðru sæti varð Dressmann á Íslandi ehf. og í því þriðja hafnaði Amadeus Ísland hf. Minni fyrirtæki eru með 49 eða færri starfsmenn en að minnsta kosti 5 félagsmenn í VR eða VA.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í blaðinu Pitt mál sem VR gefur út og dreift var með Morgunblaðinu 8. júní sl. Nánar er sagt frá könnuninni á vef VR www.vr.is og einnig er bæklingur með niðurstöðunum fánlegur á skrifstofu VR.

Við viljum hvetja alla til að nýta sér þessar upplýsingar til að gera góða vinnustaði enn betri. Jafnframt óskum við vinningshöfum og starfsmönnum þeirra til hamingju með titilinn Fyrirtæki ársins 2002.



Mynd: Björn H. Björnsson

OPIÐ GOLFMÓT VR

Golfmót VR verður haldið um verslunarmannahelgina, laugar- daginn 3. ágúst nk., á hinum glæsilega velli GR í Grafarholti. Leikið verður með punktafyrir- komulagi með og án forgjafar. Vegleg verðlaun í boði. Veitt verða sérstök verðlaun til VR félaga sem

nær bestum árangri. Öllum er heimil þátttaka en fjöldi þátttak- enda er takmarkaður þar sem ræst er út á öllum teigum samtímis. Mótið er haldið í samstarfi við Golfklúbb Reykjavíkur. Nánar auglýst síðar í dagblöðum og á www.vr.is

VR og VH semja um aukið valfrelsi félagsmanna um félagsaðild

Skrifað hefur verið undir samkomulag milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (VR) og Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar (VH) um samstarf félaganna sem miðar að því að auka valfrelsi félagsmanna um félagsaðild. Samningurinn gerir m.a. ráð fyrir því að starfsmenn fyrirtækja, sem flytja starfsemi frá Hafnar- firði til Reykjavíkur eða öfugt, eigi þess kost að halda félagsaðild í því félagi sem þeir voru í fyrir flutninginn. Samningurinn gildir til 1. janúar árið 2004.

VR og VH starfa á sama atvinnusvæði. Á undanförunum árum hefur orðið sú breyting að starfsemi fyrirtækja hefur í auknum mæli flust á milli félagssvæða félaganna eða þau halda uppi starfsemi á báðum svæðum. Slíkt hefur leitt til óvissu og ósættis um félagsaðild starfsmanna þessara fyrirtækja. VR og VH eru sammála um að

slíkir árekstrar megi ekki verða til þess að launafólk kjósi að standa utan félaga.

Í samstarfssamningi félaga- nna, sem undirritaður var mið- vikudaginn 20. mars 2002, segir að í þeim tilvikum þegar fyrir- tæki flytji á milli félagssvæða séu félögin sammála um að virða skuli óskir félagsmanna um félagsaðild. Starfsmenn sem hefja störf hjá viðkomandi fyrir- tæki eftir flutning eigi hins vegar að vera í því félagi sem er starfandi á félagssvæðinu.

Þá gerir samningurinn ráð fyrir að starfsmenn fyrirtækja sem hafa starfsemi á félags- svæðum beggja félaga hefji félagsaðild á þeim stað þar sem ráðning hefst. Flytji þeir á vinnustað á félagssvæði hins félagsins skal þeim gefinn kostur á að halda félagsaðild í því fyrirtæki sem þeir voru í fyrir.

Samstarfsnefnd félaganna, skipuð tveimur fulltrúum frá hvoru félagi, hefur það hlutverk að fjalla um ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd samkomulagsins. Þá á nefndin einnig taka til umfjöllunar óskir félagsmanna um áframhaldandi aðild að öðru hvoru félaganum, í þeim tilvikum sem ekki falla undir forsendur samkomulags- ins.



Hér verður aðsetur VR á Skaganum, að Kirkjubraut 40.

ÞJÓNUSTUVER VR Á AKRANESI

Eftir að samstarfs- samningur var gerður milli VR og VA um sl. áramót, var ákveðið að opna þjónustuver á Akra- nesi til þess að bæta símaþjónustu VR. Ráðnir voru fjórir nýir starfs- menn, auk þess sem Mál- fríður Þorkeldsdóttir,

starfsmaður skrifstof- unnar á Akranesi, fer í fullt starf og mun stjórna þjónustuveri félagsins þar. Við þetta mun opn- unartími skrifstofunnar á Akranesi lengjast veru- lega og verður frá kl. 8:30 - 16:30 alla virka daga.

Starfsmenn félagsins á Akra- nesi verða auk Málfríðar, Júnía Þorkeldsdóttir, Dóra Björk Scott, Sigrún Svava Gísladóttir og Sigrún Esther Guðmundsdóttir.

Fyrirhugað er að starfsemin á Akranesi hefjist þann 1. sept- ember nk. og verður staðsett á Kirkjubraut 40, þ.e. á sama stað og skrifstofa verslunarmanna- félagsins var áður, en leigt hefur verið viðbótarhúsnæði undir starfseminna.

NÝIR TRÚNAÐARMENN VR

á vinnustöðum

Hér birtast myndir af nýjum trúnaðarmönnum VR sem sóttu námskeið fyrir trúnaðarmenn hjá félaginu, dagana 9., 10., 16. og 17. apríl sl. Myndir vantar af tveim

trúnaðarmönnum, þeim Valgerði Helgu Einarsdóttur, Hagkaup Eiðistorgi, og Jóhönnu Lilju Hólm, Hagkaup Skeifunni.



Dagrún Árnadóttir,
Össur.



Björk Felixdóttir,
Kaupþing - Banki hf.



Sædis Steingrimsdóttir,
Lyfja Lágmúla.



Sigurður Óskarsson,
Tjónaskoðun VÍS.



Eva Hrund Willatzen,
BYKO Breiddinni.



Þorbjörg Sigurðardóttir,
Flugleiðir Kringlunni.



Gunnar J. Gunnarson,
Eimskipafélag Íslands.



Anna Sesselja Harðar-
dóttir, Urval Útsýn.



Þórunn Hjartardóttir,
Lyfja Smáratorgi.



Kristinn Friðriksson,
Neyðarlínan.



Helga Sigrún Sveinsdóttir,
Hagkaup Smáranum.



Stefán G. Aðalsteinsson,
BYKO Breiddinni.



Ásta Ágústsdóttir,
Íslensk-ameríska.



Auður Karítas Ásgeirs-
dóttir, Zara tískuverslun.



Hulda Petersen,
Osta- og smjörtsalan.



Jón Ægir Baldursson,
BYKO Hringbraut.



Guðlaug Birna Aradóttir,
Jónar flutningamiðstöð.



Anna Jónsdóttir,
Hótel Saga.




Jón Kristjánsson,
Merking ehf.



Olga Sigurðardóttir,
Austurbakkí.

www.lyfja.is

Opið alla daga 8-24



í Lyfju Lágmúla

og

Lyfju Smáratorgi

AÐRAR VERSLANIR LYFJU

Laugavegi

Opið virka daga kl. 9-19 og laugard. kl. 10-16

Smáralind

Opið virka daga kl. 11-20, laugard. kl. 10-18
og sunnud. kl. 12-18

Kringlunni

Opið virka daga kl. 10-19, laugard. kl. 10-18

Garðatorgi í Garðabæ

Opið virka daga kl. 9-18 og laugard. kl. 10-14

Setbergi í Hafnarfirði

Opið virka daga kl. 10-19 og laugard. kl. 10-16

Spönginni

Opið virka daga kl. 9-19, laugard. kl. 10-16

 **LYFJA**
- fyrir heilsuna

Stéttarfélagstilboð 2002

Á VÆNGJUM ÞÖNDUM

Stéttarfélagsgjöld með Flugfélagi Íslands

| Báðar leiðir | | | Skattur | Verð |
|--------------|-----|-------|---------|-----------|
| Akureyri | AEY | 9.500 | 330 | kr. 9.830 |
| Egilsstaðir | EGS | 9.500 | 330 | kr. 9.830 |
| Höfn | HFN | 9.500 | 330 | kr. 9.830 |
| Ísafjörður | ÍFJ | 9.500 | 330 | kr. 9.830 |

Ef tveir fullorðnir ferðast saman borga börn hálf barnafargjald. Skilmálar: Bóka verður fargjald í síðasta lagi 5 sólarhringum fyrir brottför. Lágmarksdvöl er 2 sólarhringar. Hámarksdvöl er 1 mánuður. Stéttarfélagsgjöld eru seld á sölustöðum Flugfélags Íslands. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 570 3030.

Kannið tilboð á netinu: www.flugfelag.is



Sumardagur í Reykjavík.

Mynd: Pálmi Guðmundsson

GISTING

FOSSHÓTEL

Sími 562 4000 · www.fosshotel.is

Þjóða sérstakt stéttarfélagstilboð á Scan+ afsláttarkortinu. Scan+ kortið veitir 10 – 40% afslátt á gistingu á Fosshótelum innanlands allt árið, mismunandi eftir tíma og stað og 5. hver nótt er frí. Þá gefur Scan+ kortið afslátt á hótélum í Skandinavíu, Belgíu, Þýskalandi og Hollandi yfir sumarmánuðina.

Heilsárshótel:

Fosshótel Lind, Reykjavík
Fosshótel Reyðarfjörður, Reyðarfirði
Fosshótel Húsavík, Húsavík
Fosshótel Ingólfur, Selfoss

Sumarhótel:

Fosshótel Höfði, Reykjavík
Fosshótel Bifröst, Borgarfirði
Fosshótel Áning, Sauðárkróki
Fosshótel Laugar, Reykjadal
Fosshótel Hallormsstaður, Hallormsstað
Fosshótel Valaskjál, Egilsstöðum
Fosshótel Vatnajökull, við Höfn í Hornafirði

HÓTEL ATLANTIS - REYKJAVÍK

Sími 588 0000
Tilboð í herbergi, stúdíó-íbúðir og bílaleigubíla.



Frá Húsavík.

Mynd: Morgunblaðið/Árni Sabberg

BÍLALEIGA

Eftirfarandi aðilar bjóða sérstök tilboð á bílaleigubílum:

| | | |
|---------------------|----------------|--|
| Bílaleiga Akureyrar | Sími: 568 6915 | www.eurocar.is |
| Hertz | Sími: 5050 111 | www.hertz.is |
| Avis | Sími: 591 4000 | www.avis.is |

MEIRI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar um stéttarfélagsgjöld er hægt að fá hjá aðildarfélagum Ferðanefndar stéttarfélaganna og á vef þeirra.

Aðild

Aðild að Ferðanefnd stéttarfélaganna eiga Alþýðusamband Íslands, BSRB, Bandalag háskólamanna – orlofssjóður, SÍB, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landsamband eldri borgara, Bláðamannafélag Íslands, Kennarasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Félag bókagerðarmanna, Verkstjórasamband Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna og Félag ísl. stjórnunarst. á Keflavíkurflugvelli.

LÍV flytur á skrifstofu VR



Mynd: K. Maack.

FRÍDAGUR VERSLUNAR- MANNA Í LAUGARDAL

Að þessu sinni ber frídag verslunarmanna upp á 5. ágúst og verður að tilhlutan VR haldið upp á daginn í Laugar- dalnum eins og undan- farin ár. Þar mun að vanda verða margt til skemmtunar fyrir alla fjölskylduna og frítt inn í garðinn í tilefni dagsins.

Samþykkt var á 23. þingi Landssambands íslenskra verzlunar- manna dagana 3.-4. maí sl. að gera umfangs- miklar breytingar á rekstri sambandsins. Gert er ráð fyrir því að gerður verði samningur við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur um rekstur, til ársloka 2004 og að sambandið flytji starf- semi sína á skrifstofu VR 1. október 2002.

Um sameiginlegan rekstur á ýmsum sviðum verður að ræða og nánara samstarf félaga en áður hefur verið. Megintilgang- urinn með breytingunum, er að auka samvinnu og samstöðu aðildarfélaganna, fjölga sam- starfsverkefnum, tryggja aukið samstarf við undirbúning og gerð

kjarasamninga, styrkja þátt- tókuna í Alþýðusambandinu og í erlendu samstarfi og nýta betur starfsfólk og fjármuni. Valdssvið þings, framkvæmdastjórnar og aðildarféлага haldast aftur á móti óbreytt.

Þing árlega

Talsverðar breytingar voru gerðar á lögum sambandsins. Framvegis verða haldin þing árlega, í stað annars hvers árs eins og áður. Fækkað var í stjórn úr 21 fulltrúa í 11. Helmingur stjórnarmanna skal kosinn á þingi ár hvert, nema formaður, sem er kosinn til tveggja ára. Í fyrsta sinn er helmingur stjórnar kosinn til tveggja ára.

Á þinginu var samþykkt ályktun um kjara- og efnahags- mál, þar sem lýst er ánægju með þann árangur sem náðst hefur í verðlagsmálum og þætti ASÍ í aðgerðum gegn verðbólgu. Þingið leggur áherslu á að forsenda þess að kaupmáttur launafólks verði tryggður, er



Mynd: Grétar Hannesson

Á LÍV þingi.

að gætt verði áframhaldandi að- halds í verðlagsmálum, verð- bólgu verði haldið í skefjun og að vextir verði lækkaðir enn frekar.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður sam- bandsins til næstu tveggja ára. Aðalmenn í framkvæmdastjórn til tveggja ára voru kjörin þau Gunnar Páll Pálsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Kristín M. Björns- dóttir og Sólveig Haraldsdóttir.

Til eins árs voru kjörin þau Valur M. Valtýsson, Guðrún Erlings- dóttir, Grétar Hannesson, Guðbrandur Einarsson og Guðmundur B. Ólafsson.

Eftirtalin voru kjörin varamenn til eins árs: Gunnar Kristmunds- son, Júnía Þorkeldsdóttir, Stefania Magnúsdóttir, Finnur Magnús- son, Edda Kjartansdóttir, Hjörtur Geirmundsson, Páll H. Jónsson, Ágúst Óskarsson, Gunnar Böðvarsson og Bjarndís Lárus- dóttir.

1. MAÍ

1290 manns þáðu kaffiveitingar á Hótel Íslandi í boði VR eftir kröfugönguna 1. maí. Góð þátttaka var í göngunni sem gekk fylktu liði undir fánum og lúðra- blæstri niður á Ingólfstorg þar sem útifundurinn var haldinn.



Mynd: Gunnar Kr. Hilmarsson



Kaffisamsæti á uppstigningardag.

Mynd: Gunnar Kr. Hilmarsson

UPPSTIGNINGARDAGUR – SÍÐDEGISKAFFI

Að venju var samkoma eldri borgara á Hótel Íslandi á uppstigningardag vel sótt, en 640 manns hlýddu á hátíðar- dagskrá og þáðu kaffiveitingar í boði VR þann dag. Ræðumaður dagsins var

fyrirverandi formaður félagsins, Magnús L. Sveinsson. Var að vanda gerður góður rómur að máli hans og sama má segja um vönduð skemmtiatriði sem á eftir fóru og glöddu hverja sál.



Ekki bera allt einn

Leyfðu
að bera
ábyrgðina
okkur
með þér

Eftir því sem tíminn líður stækkar fjölskyldan og eignir hennar aukast. Um leið eykst ábyrgðin sem við berum hvert og eitt. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að njóta bestu tryggingaverndarinnar á hverjum tíma. Þar er VÍS í broddi fylkingar,

m.a. með F plús fjölskyldutryggingunni, sem er viðameiri og víðtækari fjölskyldutrygging en nokkur annar býður.

Við erum ávallt reiðubúin til að tvöfalda öryggi þitt - með því að bera ábyrgðina með þér.



MAGNÚS L. SVEINSSON SEST Í HELGAN STEIN EFTIR 42 ÁRA STARF HJÁ VR

Baráttumál í þá daga, sjálfsögð mannréttindi í dag

Það er létt yfir Magnúsi L. Sveinssyni þegar blaðamaður hittir hann á áttundu hæð í Húsi verslunarinnar í óvenju hreinlegri og óreiðulausri skrifstofu. Magnús er búinn að tæma hana af gögnum sínum og pappírurum og er að setjast í helgan stein eftir að hafa helgað VR krafta sína í 42 ár.

„Ég sagði við starfsfólkið að mér hefði létt eftir að ég var búinn að taka til, því ég hefði fundið skrifborðið,“ segir hann og brosir. „Þegar ég verð búinn að ganga frá verkefnum, sem ekki var lokið, en allir skápar eru fullir af þeim, þá ætla ég bara að taka það rólega. Ég segi að ég gangi nú áhyggjulaus til svefnis og vakni kærulaus.“

Um 10% landsmanna í VR

Það hafa miklar breytingar orðið á umhverfi og starfssviði

VR frá því Magnús kom til starfa fyrir 42 árum, en hann hefur verið formaður í 22 ár. „Þegar ég var ráðinn framkvæmdastjóri til VR 1960, voru félagsmenn 1.800. Nú eru þeir um 20 þúsund og 30 þúsund alls á skrá hjá félaginu. Þannig að segja má að rúmlega 10% landsmanna séu í VR,“ segir hann.

„Þegar ég byrjaði hjá VR, þá var ég eini starfsmaðurinn, en eftir nokkrar vikur, var ráðin stúlka hálfan daginn. Í dag eru 35 starfsmenn hjá félaginu. Þegar ég byrjaði þá var það fyrirbrigði ef síminn hringdi. Í dag mælast þúsund hringingar inn á hverjum degi.“

Áfangar sem nú þykja sjálfsögð mannréttindi

Það hafa líka orðið miklar kjaralegar breytingar. „Um 1960 snerust samningarnir fyrst og fremst um lágmarkslaun og vinnutíma. Þá vóg þungt afgreiðslutími verslana vegna þess að vinnutími afgreiðslufólks réðist að stórum hluta af honum. Þá var ekki sjúkrasjóður, ekki orlofsjóður, ekki fræðslusjóður og verslunar-

menn höfðu ekki rétt til atvinnuleysisbóta eins og aðrir launþegar. VR þurfti að heyja 7 daga verkfall árið 1966 til þess að fá rétt til atvinnuleysisbóta eins og aðrir.“

„Það er til marks um breyttan tíðaranda að nú er litið á atvinnuleysisstryggingasjóð sem sjálfsögð mannréttindi, en við skulum ekki gleyma því, að þannig var það ekki árið 1955. Þá þurfti lægst launaða fólkið á höfuðborgarsvæðinu, verkakönur og verkamenn, að heyja 6 vikna verkfall til að knýja fram þessa réttarbót.“

Enn samið um mikilvægar kjarabætur

„Okkur tókst að fá aðild að sjúkrasjóði árið 1979, en verslunarmenn höfðu verið skildir eftir 1974, þegar aðrir fengu sjúkrasjóð, vegna þess að verslunarmenn voru með ívið betri ákvæði í kjarasamningum en aðrir um greiðslur í veikindaförðullum og þess vegna talið réttlætlanlegt að skilja þá eftir,“ segir Magnús.

Vinnuvikan hefur styst um nærri tíu klukkustundir frá árinu 1960. „Þá var hún 48 stundir.

Vinnuvikan telst núna 5 dagar í stað 6 daga áður, þegar laugardagar töldust til dagvinnu,“ segir Magnús. „Lágmarksorlof var 12 dagar og laugardagar meðtaldir á þessum tíma, en er núna 24 dagar og laugardagar ekki meðtaldir.“

Enn er verið að semja um mikilvægar kjarabætur. „Árið 2000 sömduð við um starfsmenntasjóð, sem vinnuveitendur greiða í, sem var í fyrsta skipti sem samið var um framlag í starfsmenntasjóð fyrir ófaglærða. VR var líka fyrst til að semja um 2% framlag vinnuveitenda í sér-eignalífeyrissjóð, það gerðist einnig árið 2000.“

Magnús heldur áfram að rifja upp – af nógu er að taka. „Ekki má gleyma fæðingarorlofinu, en nærri tveimur árum áður en lögin um fæðingarorlof tóku gildi, 1. janúar 2001, hafði VR, eitt félag, greitt félagsmönnum sínum fæðingarorlof.“

Ef borinn er saman ný og gamli tímann, þá segir Magnús merkilegt hversu margir áfangar hafi unnist. „Þó menn telji þetta allt sjálfsögð mál í dag og sumt sjálfsögð mannréttindi, þá skulum við ekki gleyma því að launþegar,



Hanna og Magnús með íslenska hundinn Trygg.

oft lægst launaða fólkið, þurftu að færta miklar förnir til þess að tryggja mörg af þessum réttindum. Ég er ansi hræddur um að fólki brygði í brún, ef allt það sem samið hefur verið um á síðustu fjórum áratugum hyrfi út af borðinu, og menn þyrftu að setta sig við þau kjör, sem þá voru.“

Miðstýrð samningagerð ekki í takt við tímann

Miklar breytingar hafa orðið á kjarabaráttunni á síðastliðnum árum og hefur VR verið í leiðandi hlutverki. „Við höfðum lengi haldið því fram að miðstýrð samningagerð, sem verið hefur um margra áratuga skeið, ætti ekki lengur rétt á sér og væri ekki í takt við nútímann,“ segir Magnús. „Lengst af var máluð þannig háttáð að þrjú eða fjórir menn settust niður við borð og fundu út hvað fiskvinnslan í landinu þylði miklar launabreytingar. Þegar þessir menn höfðu fundið það út, þá var ákveðið að öll önnur laun í landinu skyldu hækka eins og hjá fiskvinnslunni, og ekkert tillit tekið til afkomu annarra greina.“

Þetta leiddi til þess að fyrir nokkrum árum voru aðeins 5% félagsmanna VR á umsömdum launatöxtum, að sögn Magnúsar, því við samningagerð var ekkert tillit tekið til þess hvað starfsgreinar, sem félagsmenn VR unnu við, þylðu í launagreiðslum. Einstakir vinnuveitendur höfðu þessari launastefnu VSÍ og 95% félagsmanna VR voru komnir á laun, sem voru ekki í neinu samræmi við hina umsömdu launataxta. „Við sögðum þetta úrelt fyrirkomulag, vildum brjótast úr því og að samningar yrðu gerðir á grundvelli afkomu einstakra starfsgreina, eða stórra fyrirtækja. Það tókst árið 1997, þegar fyrsta skrefið var stigið í að samningarnir tækju mið af því sem starfsgreinar þyldu.“

Markaðslaunastefna skilar árangri

VR óskaði einnig eftir því að í samningana kæmu ákvæði um

„Það er til marks um breyttan tíðaranda að nú er litið á atvinnuleysisstryggingasjóð sem sjálfsögð mannréttindi, en við skulum ekki gleyma því, að þannig var það ekki árið 1955. Þá þurfti lægst launaða fólkið á höfuðborgarsvæðinu, verkakönur og verkamenn, að heyja 6 vikna verkfall til að knýja fram þessa réttarbót.“

markaðslaun. Og hvað er nú það? „Það eru þau laun sem í raun eru greidd á vinnumarkaðinum. Við vildum gera launin sýnileg þannig að fólk gæti borðið sín laun saman við það sem væri greitt í samsvarendi starfsgreinu á vinnumarkaðinum. Við gerðum því samning um að launakannanir færu fram þar sem launin yrðu opinberuð og árið 2000 var stigið lengra skref í þessa átt. Nú eru ákvæði um að launakannanir skuli gerðar og allir félagsmenn eigi rétt á persónulegu viðtali við sinn yfirmann, a.m.k. einu sinni á ári, þar sem þeir geta rætt um störf sín og hugsanlegar breytingar á starfskjörum. Launþeginn fær tækifæri til að koma með ábendingar um það sem betur má fara hjá fyrirtækinu og allir njóta góðs af, bæði vinnuveitandi og launþegar.“

Launakönnunin hefur verið framkvæmd í 3 til 4 ár. „Við gerðum könnun á því á síðasta ári hvort fólk hefði fengið launaviðtal og kom í ljós að um 40% félagsmanna höfðu fengið viðtal og nærri 70% af þeim hafði í kjölfar þess fengið kjör sín bætt. Það segir okkur að þessi aðferðafræði hefur skilað sér til mikils meirihluta þess fólks sem hefur fengið launaviðtölin. Auðvitað mun það taka einhvern tíma að vinnumarkaðurinn liti á þetta sem

sjálfsagðan hlut og allir fái launaviðtalið. En þegar litið er til þess að ekki er lengri tími en tvö ár síðan þetta skref var endanlega stigið í samningunum, þá er óhætt að segja að markaðurinn hafi brugðist jákvætt við. Það er líka mikilvægt að launþegar geri sér grein fyrir því, að launakannanir eru teki á kjarabaráttunni, þær skapa umræður og félagsmenn verða með því virkir þátttakendur í kjara- og samningaferlinu.“

90% ánægð með nýju hugmyndafræðina

Magnús segist hafa fundið að félagsmenn séu jákvæðir gagnvart þessari nýju hugmyndafræði um samningaferli. „Við leituðum til okkar félagsmanna fyrir samningana árið 2000 og sendum þeim hugmyndir um áhersluþættina í væntanlegum samningum. Niðurstaðan úr könnuninni var sú að um 90% höfðu kynnt sér áherslurnar, s.s. styttingu vinnuviku, markaðslaun, framlög í séreignasjóð og stofnun endurmenntunarsjóðs. Yfir 90% voru mjög jákvæðir og töldu að við værum á réttri leið. Það segir okkur að félagsmenn eru orðnir mjög virkir og taka mikinn þátt í samningaferlinu og

Frh á næstu síðu ▶



Elisabet 2. Englandsdrottning og Filippus maður hennar í boði í Höfða 1990. F.v. Hanna Hofsdal, eiginkona Magnúsar, Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar, Filippus, Ástríður Thorarensen borgarstjórafrú, Elisabet og Davíð Oddsson borgarstjóri.

Málin rædd á samningafundi 1986. F.v. Björn Þórhallsson, formaður LÍV, Víglundur Þorsteinsson, formaður FÍI, Gunnar Friðriksson, formaður VSÍ, og Magnús L. Sveinsson.

Fámennur þingfundur á Alþingi 1999. Hér ræða þeir málin Tómas Ingi Olrich, núverandi menntamálaráðherra, og Magnús.



Baráttumál og mannréttindi... RÆTT VIÐ MAGNÚS L. SVEINSSON – FRH.

baráttunni fyrir bættum kjörum. Mér finnst það afskaplega þýð-ingarmikið, því með fyrri aðferða-fræðinni var hinn almenni laun-þegi ekki nema að litlu leyti þát-takandi í undirbúningi og gerð kjarasamninganna.“

Magnús segir að verkalyðs-hreyfingin verði að beita allt öðrum aðferðum en áður til að ná og höfða til félagsmanna. „Fólk er hætt að sækja fundi eins og áður. Meira að segja stjórnmaláflökk-arnir eru hættir að halda fram-boðsfundi í Reykjavík. Það eru sjónvarpsstöðvagnar, sem halda framboðsfundi þar sem framþjóð-endur flytja mál sitt og kjósendur sitja heima í stofu og horfa á, ef þeir nenna,“ segir Magnús. „Þegar kjarasamningar eru gerðir, eru fjölmiðlar búnir að segja frá inni-haldi þeirra, áður en samninga-menn eru komnir heim til sín. Fjölmiðlarnir eru í samkeppni um að upplýsa alla um það sem er að gerast jafnóðum og það gerist.“

Magnús segir að VR hafi brugðist við þessu með nýjum starfsháttum. „Við áttuðum okkur á því að við þurfum að ná til félagsmanna með allt öðrum hætti en áður, bæði vegna hinnar miklu fjölgunar í félaginu og yfirburða hlutverki fjölmiðla í upplýsinga-flæði nútímans. Við höfum nýtt okkur fjölmiðlana, bæði með auglýsingum og blaðamanna-fundum vegna mála sem við höfum lagt áherslu á.

„Fræðslumálin eru mjög þýð-ingarmikill þáttur í hinni nýju hugmyndafræði,“ segir Magnús. „Það er grundvallaratriði að koma skilaboðum sem greiðast til

félagsmanna, upplýsa þá sem best um gang mála og undirbúa þá fyrir persónuleg viðtöl við sína yfirmenn. Við höfum haldið mörg slík námskeið, sem sótt hafa verið af fleiri hundruð manns. Þá höfum við einnig verið með námskeið fyrir konur til þess að efla þær í jafnréttisbaráttunni og hvetja þær til þess að sækja út á vinnumark-aðinn og sækjast eftir ábyrgðar-stöðum, ekkert síður en karlarnir, og gera kröfur um ekki lægri laun.“

Mikill heiður að fá jafnréttis-viðurkenningu

Launakannanir VR hafa sýnt að karlar með sambærilega menntun voru með um 18% hærri laun fyrir sambærilega vinnu og ábyrgð. „Við höfum rekið mjög harðan áróður fyrir því að þessu bili verði eytt, og samkvæmt launakönnun 2001, hefur þessi tala lækkað í 16%. En betur má, ef duga skal,“ segir Magnús. „Margt hefur áunnist sem auð-veldar konum í baráttu sinni, að sækja út á vinnumarkaðinn, s.s. fæðingarorlof og stytting vinnu-vikunnar, en í samningunum árið 2000 voru verslunarmenn eina stéttin sem gerði kröfu um og náði okkur fjölmiðlana, bæði með auglýsingum og blaðamanna-fundum vegna mála sem við höfum lagt áherslu á.

„Fræðslumálin eru mjög þýð-ingarmikill þáttur í hinni nýju hugmyndafræði,“ segir Magnús.

„Það er grundvallaratriði að koma skilaboðum sem greiðast til

yfirleitt eftir vinnu og skildi þreyt-una eftir í sundlauginni. Síðan dró ég úr sundinu, því ég eignaðst is-lenskan hund og við förum saman í göngutúra. Það voru góðar stundir, við vorum miklir vinir. Ég varð fyrir því á síðasta ári að hann dó blessaður, það var mikil sorg. Nú er ég farinn að stunda sund aftur. Ég tel að sundið sé ein besta líkamsrækt sem völ er á, ef menn taka það alvarlega, það er ekki nóg að fara ofan í, maður verður líka að synda!“

Fyrsta verkfall VR

VR fór í sitt fyrsta verkfall 10. janúar 1963. „Það voru auð-vitað mikil tímamót, en við töldum að ekki væri hægt að kom-ast hjá því að beita þessum neyð-arrétti,“ segir Magnús. „Þetta var viðkvæmur tími, jólin að nálgast og það gat orðið erfitt að heyja verkfall í jólamánuðinum. Það reyndi því mikið á okkar félags-menn, en þeir stóðu sig mjög vel. Þetta var nokkuð grimmt barátta og verkfallsvörðum var ekki alls-staðar vel tekið. En það endaði með því að samningar náðust eftir fjóra daga. Haldinn var fundur í gamla Sjálfstæðishúsinu og kom-ust ekki allir inn í húsið og félags-menn stóðu úti á Austurvelli.

Strangir samninga-fundir og fyrsta verkfallið

Það hefur margt á dagana drifið á samningafundum í gegnum tíðina. „Áður fyrr gátu samningalotur staðið mánuðum saman og þá stóðu fundir oft langt fram á nætur. Ég minnst þess að samningafundir fóru fram í Al-þingishúsinu á sjöunda ára-tugnum, Torfi Hjartarson var þá ríkissáttasemjari. Þegar mönnum sýndist vera að styttest í sann-ingalok, þá lét Torfi loka húsinu og enginn fékk að fara út. Eitt sinn gerðist það þó að Þorvaldur Guðmundsson, heitinn, í Síld og fisk, smyglaði sér út úr húsinu, fór út í verslun sína og sótti matar-föng. Ég held að sáttasemjari hafi fullkomlega fyrirgefið honum þetta, þegar hann sá hvaða kras-ingar hann kom með til baka.“

Eflaust hefur það nýst Magnúsi á löngum og ströngum samninga-fundum, að hann hefur stundað líkamsrækt. „Á mínum yngri árum var ég í frjálsum íþróttum, og síðar stundaði ég sund, synti 4-5 daga í viku og þá jafnan þús-und metra,“ segir hann. „Ég fór

yfirleitt eftir vinnu og skildi þreyt-una eftir í sundlauginni. Síðan dró ég úr sundinu, því ég eignaðst is-lenskan hund og við förum saman í göngutúra. Það voru góðar stundir, við vorum miklir vinir. Ég varð fyrir því á síðasta ári að hann dó blessaður, það var mikil sorg. Nú er ég farinn að stunda sund aftur. Ég tel að sundið sé ein besta líkamsrækt sem völ er á, ef menn taka það alvarlega, það er ekki nóg að fara ofan í, maður verður líka að synda!“

Fyrsta verkfall VR

VR fór í sitt fyrsta verkfall 10. janúar 1963. „Það voru auð-vitað mikil tímamót, en við töldum að ekki væri hægt að kom-ast hjá því að beita þessum neyð-arrétti,“ segir Magnús. „Þetta var viðkvæmur tími, jólin að nálgast og það gat orðið erfitt að heyja verkfall í jólamánuðinum. Það reyndi því mikið á okkar félags-menn, en þeir stóðu sig mjög vel. Þetta var nokkuð grimmt barátta og verkfallsvörðum var ekki alls-staðar vel tekið. En það endaði með því að samningar náðust eftir fjóra daga. Haldinn var fundur í gamla Sjálfstæðishúsinu og kom-ust ekki allir inn í húsið og félags-menn stóðu úti á Austurvelli. Þarna náðum við fram þýðingar-miklum kjaraaatriðum og voru samningarnir samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Þetta fyrsta verkfall VR var mikil félagsleg reynsla, það var hvatn-ing fyrir félagsmenn að standa saman í kjarabaráttunni. Menn sáu að með samtakamættinum var hægt að ná fram bættum kjörum.“

Verkfallsverðirnir urðu hinir verstu og spurðu hverju þetta sætti. Þá rétti kaupmaðurinn þeim komu í verslun í Keflavík á fyrsta verkfallsdegi og gerðu athuga-semd við að afgreiðslustúlkan væri í vinnunni. Þeir sögðu kaup-manninum að einungis eigendum og mökum þeirra væri heimilt að vinna. Þeir fóru því fram á að stúlkan legði niður vinnu og gerði hún það. Síðar um daginn komu þeir aftur í verslunina og var



Mynd: Ól. K. Magnússon/Mbl.

stúlkan þá komin aftur til vinnu.

Verkfallsverðirnir urðu hinir verstu og spurðu hverju þetta sætti. Þá rétti kaupmaðurinn þeim komu í verslun í Keflavík á fyrsta verkfallsdegi og gerðu athuga-semd við að afgreiðslustúlkan væri í vinnunni. Þeir sögðu kaup-manninum að einungis eigendum og mökum þeirra væri heimilt að vinna. Þeir fóru því fram á að stúlkan legði niður vinnu og gerði hún það. Síðar um daginn komu þeir aftur í verslunina og var

Lífsreynsla að sitja á Alþingi

Magnús sat á Alþingi í febrúar 1999, sem varaþingmaður. „Mér veittist sá heiður að sitja sem varamaður forsætisráðherrans, Davíðs Oddssonar, þó ég settist ekki í stólinn hans,“ segir Magnús og brosir. „Það var lífsreynsla út af fyrir sig. Ég flutti þingsályktun-artillögu um úttekt á framtíðar-stöðu og þýðingu almannatrygg-ingakerfisins. Þessari tillögu minni var vel tekið, og ég held það sé almennt viðurkennt að brýnt sé að gera svona úttekt, því lífeyrissjóðsmálin eru að blandast inn í kerfið og það þarf að sam-hæfa þessi tryggingakerfi.“

En var eitthvað sem kom Magnúsi á óvart á þingi? „Já, það virðist ekki mikið um að alþingis-menn sitji þingfundi. Fundir hefj-ast á því að greitt er atkvæði um að vísa málum til nefnda eða til annarar eða þriðju umræðu. Þetta tekur nokkrar mínútur og þá sitja þingmenn í salnum, en um leið og málin hafa verið afgreidd með þessum hætti, þá stendur nánast allur þingheimur upp, fer og út og sést ekki meira á þingfundinum með fátum undantekningum. For-seti situr auðvitað áfram, þeir sem eru á mælendaskrá, og ráðherrar ef þeir eru til svara. Ég er út af fyrir sig ekki undrandi á að ráð-



herrar hafi ekki tíma til að sitja alla þingfundi, en það er skylda þingmanna samvæmt lögum, nema brýnar ástæður komi í veg fyrir það.“

Magnús minnst þess að nokkrum sinnum komu fram-haldsskólanemar á þingpallana. „Auðsjánlega var verið að kynna unglingunum starfsemi Alþingis, og það voru kannski bara þrír menn í salnum, forseti, ræðu-maður og þessi skrytni varaþing-maður, Magnús L. Sveinsson, sem vissi ekki betur en hann hefði gengist undir þá skyldu að sitja þingfundi. Ég geri ráð fyrir að unglingunum hafi þótt þetta ein-kennilegt og þeir hafi ekki fyrir sér góða mynd af Alþingi.“

Sakna mest starfsfólksins

Magnús er ánægður með þá ímynd sem VR hefur í dag. „Ég hef talið hér upp ýmsa kjara- og félagslega þætti sem náðst hafa á síðustu áratugum. Þá vil ég geta þess að á síðasta ári nutu 84% af félagsmönnum félagslegra þátta sem náðst hafa í samningum á undanförnum árum, s.s. fræðslu-styrkja, sjúkrasjóðs, dvalar í or-lofshúsum, fræðslunámskeiða og atvinnuleysisbóta, og voru þar með í persónulegu sambandi við stéttarfélagið sitt. Þá eru ekki talin samskiptin í gegnum símhring-ingar eða þjónusta varðandi kjar-a-samninga, réttindi og skyldur.“

Það er með tilhlökkun að Magnús sest í helgan stein. „Ég hefi hugsað mér að ferðast meira um landið mitt, sem ég hef mjög gaman af, og vildi geta gert meira af. Þá ætla ég að njóta þess að vera ekki allan sólarhringinn bundinn þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera formaður í svona stóru



Haldinn var fundur í gamla Sjálfstæðishúsinu og komust ekki allir inn í húsið og félagsmenn stóðu úti á Austurvelli. Þarna náðum við fram þýðingarmiklum kjaraaatriðum og voru samning-arnir samþykktir með yfirgnæf-andi meirihluta atkvæða. Þetta fyrsta verkfall VR var mikil félagsleg reynsla, það var hvatn-ing fyrir félagsmenn að standa saman í kjarabaráttunni.

VINNA BARNNA OG UNGLINGA

Nú liður að því að krakkarnir okkar ljúki skólanum og leita eflaust mörg þeirra út á vinnumarkaðinn. Því er ekki úr vegi að rifja upp helstu reglur um börn og unglinga á vinnu-markaði.

- ✓ **15 til 17 ára unglingar mega vinna flest störf nema þau sem teljast**

mjög stuttur. Þá er formleg af-greiðsla á fundargerðum, sem ekki tekur nema 3 til 4 mínútur. Eftir slíkan fund ákváðu nokkrir borg-arfulltrúar að gera sér dagamun, litu við á öldurhúsi og sátu þar við skál fram undir miðnaetti. Þegar einn þeirra kom heim til sín sagði hann við konu sína að hann væri óskaplega undrandi á því hvað fundirnir í borgarstjórn gætu dreg-ist á langinn. Í fyrstu frétt Ríkisút-varpsins morguninn eftir var greint frá því að daginn áður hefði verið stysti fundur í sögu borgar-stjórnar – fundurinn hefði staðið í 2 mínútur!“

Á árunum 1985 til 1994 var Magnús forseti borgarstjórnar og voru varaforsetarnir veir einnig úr röðum sjálfstæðismanna, sem voru með meirihluta á þessum árum. Eitt kvöldið þegar Magnús þurfti að vikja úr forsetastóli voru báðir varaforsetarnir fjarverandi. Hann kom því boðum til aldurs-forsetans Sigurjóns Péturssonar og það hann um að stýra fundi. „Ó-lína Þorvarðardóttir, Nýjum vett-vangi, var nýstigin í ræðustól og veitti því ekki athygli að Sigurjón settist í forsetastólinn. Þegar hún þurfti í ræðu sinni að vísa í til-tekið bréf með leyfi forseta snéri hún sér að honum. Sá hún þá, sér til mikillar undrunar, Sigurjón Pétursson, Alþýðubandalagi, í for-setastóli. Henni varð svo mikið um þetta að hún steinþagnaði og starði góða stund á Sigurjón. Þetta var í eina skiptið sem ég sá Ólinu verða orðlausa.“

Oft stendur seinni umræða um fjárhagsáætlun borgarinnar frá kl. 17 síðdegis fram á næsta morgun, að sögn Magnúsar. „Einu sinni var Sigurjón Pétursson í ræðustól síðla nætur og flestir borgarfull-trúar í hlíðarsólum. Ég varð var við það úr forsetastólnum að á aldursforsetann Pál Gíslason, sem var einn eftir í salnum, sveif mikil svefnhöfgi og seig höfuðið á honum niður til annarrar hlíðar. Sigurjón var mikill ræðumaður og hækkaði gjarnan raustina þegar honum var mikið niðri fyrir. Þegar þetta hafði varað í nokkurn tíma stóðst ég ekki mátið að gera honum smávegis grikk. Ég lagði miða á ræðupúltið hjá honum með áletruninni: „Ekki vekja Pál.“ Sigurjón leit eldsnöggð á miðann, síðan á Pál og lækkaði þá strax róminn án þess að minnsta hik kæmi í mállutningnum. Var það augljóslega af tillitssemi við Pál, svo hann vaknaði ekki. Við Sigur-jón hlógum oft að þessu síðar.“

Forseti borgar-stjórnar í 9 ár

Magnús átti sæti í borgarstjórn í 20 ár eða frá 1974 til 1994, sat í borgarráði í 14 ár og var forseti borgarstjórnar í 9 ár. Eins og nærri borgarstjórnar í 9 ár. Eins og nærri má geta bar margt skemmtilegt við á þessum tíma og rifjar hann hér upp nokkrar sögur úr borgar-stjórn. „Fyrsti fundur í borgar-stjórn eftir áramót er yfirleitt

mjög stuttur. Þá er formleg af-greiðsla á fundargerðum, sem ekki tekur nema 3 til 4 mínútur. Eftir slíkan fund ákváðu nokkrir borg-arfulltrúar að gera sér dagamun, litu við á öldurhúsi og sátu þar við skál fram undir miðnaetti. Þegar einn þeirra kom heim til sín sagði hann við konu sína að hann væri óskaplega undrandi á því hvað fundirnir í borgarstjórn gætu dreg-ist á langinn. Í fyrstu frétt Ríkisút-varpsins morguninn eftir var greint frá því að daginn áður hefði verið stysti fundur í sögu borgar-stjórnar – fundurinn hefði staðið í 2 mínútur!“

Á árunum 1985 til 1994 var Magnús forseti borgarstjórnar og voru varaforsetarnir veir einnig úr röðum sjálfstæðismanna, sem voru með meirihluta á þessum árum. Eitt kvöldið þegar Magnús þurfti að vikja úr forsetastóli voru báðir varaforsetarnir fjarverandi. Hann kom því boðum til aldurs-forsetans Sigurjóns Péturssonar og það hann um að stýra fundi. „Ó-lína Þorvarðardóttir, Nýjum vett-vangi, var nýstigin í ræðustól og veitti því ekki athygli að Sigurjón settist í forsetastólinn. Þegar hún þurfti í ræðu sinni að vísa í til-tekið bréf með leyfi forseta snéri hún sér að honum. Sá hún þá, sér til mikillar undrunar, Sigurjón Pétursson, Alþýðubandalagi, í for-setastóli. Henni varð svo mikið um þetta að hún steinþagnaði og starði góða stund á Sigurjón. Þetta var í eina skiptið sem ég sá Ólinu verða orðlausa.“

Oft stendur seinni umræða um fjárhagsáætlun borgarinnar frá kl. 17 síðdegis fram á næsta morgun, að sögn Magnúsar. „Einu sinni var Sigurjón Pétursson í ræðustól síðla nætur og flestir borgarfull-trúar í hlíðarsólum. Ég varð var við það úr forsetastólnum að á aldursforsetann Pál Gíslason, sem var einn eftir í salnum, sveif mikil svefnhöfgi og seig höfuðið á honum niður til annarrar hlíðar. Sigurjón var mikill ræðumaður og hækkaði gjarnan raustina þegar honum var mikið niðri fyrir. Þegar þetta hafði varað í nokkurn tíma stóðst ég ekki mátið að gera honum smávegis grikk. Ég lagði miða á ræðupúltið hjá honum með áletruninni: „Ekki vekja Pál.“ Sigurjón leit eldsnöggð á miðann, síðan á Pál og lækkaði þá strax róminn án þess að minnsta hik kæmi í mállutningnum. Var það augljóslega af tillitssemi við Pál, svo hann vaknaði ekki. Við Sigur-jón hlógum oft að þessu síðar.“

unglinga undir 18 ára aldri skal fara fram undir eftirliti einstak-lings sem er orðinn 18 ára. Ung-lingar mega aldrei vinna frá kl. 24:00-04:00. Á skóladegi mega 13-15 ára unglingar vinna 2 klst. á dag eða 12 klst. á viku.

Nánari upplýsingar er að finna í reglugerð um vinnu barna og unglinga en hana er hægt að nálgast á heimasíðu VR, www.vr.is. Einnig er hægt að leita til kjaramáladeildar VR í síma 510 1700 ef einhverjar spurningar vakna um þetta efni.



Magnús L. Sveinsson, forseti borgar-stjórnar, tekur á móti málverki af Laxness, sem Erró gaf Reykjavíkurborg, í Höfða 1985.

VEIGAMIKLAR BREYTINGAR Á LÖGUM VR

Á aðalfundi VR í mars 2002 voru gerðar veigamiklar breytingar á lögum félagsins. Breytingar fela í sér ákveðin nýmæli auk lagfæringa vegna breytinga sem orðið hafa á almennri löggjöf svo og lögum ASÍ.

Rétt er að vekja athygli á helstu nýmælum.

1. Trúnaðarráð í stað trúnaðarmannaráðs.

Nafni trúnaðarmannaráðs var breytt í trúnaðarráð og því fengin fleiri verkefni t.d. að kjósa uppstillinganefnd vegna stjórnarkjörs og vera stjórn ráðgefandi varðandi ýmis stærri mál.

2. Staðfesting á félagsaðild.

Við greiðslu til félagsins skal senda nýjum félagsmanni staðfestingu á greiðslu og inngöngu í félagið. Sé ekki gerð athugasemd telst hann löglegur félagi.

3. Ákvæði um uppstillinganefnd.

Skipan lista til stjórnar og trúnaðarráðs er í höndum uppstillinganefndar sem skipuð er 5 mönnum, formanni VR og fjórum kosnum af trúnaðarráði. Trúnaðarráð tekur afstöðu til uppstillinganefndar. Þetta er nýmæli en áður var uppstilling í höndum stjórnar. Markmiðið með greininni er að auka lýðræði við val á forustu félagsins.

4. Félagið er nú opið einyrkjum.

Þeir sem starfa einir á vinnumarkaði á starfsvæði félagsins og hafa ekki aðra menn í vinnu geta verið

félagsmenn í VR. Hér má nefna þá sem starfa við bókhald, sölumennsku, þýðingar o.s.frv. Einyrkjar þurfa að sækja skriflega um aðild að félaginu og uppfylla ýmis skilyrði skv. reglum félagsins.

5. Skerpt á starfsreglum stjórnar.

Ýmis ákvæði í lögum snúa að stjórn og störfum stjórnar. Þar er skerpt á ýmsum starfsreglum. Lögin kveða á um að við kjör stjórnar skuli ávallt viðhafa allsherjar atkvæðagreiðslu í félaginu og skal fara fram póstkosning.

Mörg fleiri atriði voru lagfærð þó ekki sé ástæða til að rekja það hér. Með nýju lögum er viðamiklum endurbótum lokið en lögin verða ávallt til skoðunar félagsmönnum til framdráttar.

LÖG VR

1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur (skammstafað VR) og er stéttarfélag verslunar- og skrifstofufólks. Starfssvið þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsmanna.

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða starfa sem einyrkjar á vinnumarkaði.

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

Þeir sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju skv. nánari reglum félagsins.

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- Náð hefur 16 ára að aldri.
- Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

Unglingar geta orðið félagsmenn þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en

njóta þó ekki kjörgengis í félaginu. Einyrkjar á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Einyrki telst sá sem starfar einn og hefur ekki aðra menn í vinnu.

4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald í 4 mánuði.

Nú hefur launþegi sem ekki hefur sótt um félagsaðild, greitt félagsgjald í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins á hverjum tíma, skal félagið innan 6 mánaða eftir að félagsgjaldi var fyrst skilað senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 10 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef fjarvera úr félaginu varir eigi lengur en 24 mánuði samfellt.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma.

Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs.

Einyrkjum skal ávallt skylt að leggja inn inntökubeiðni þar sem koma skal fram starfssvið og áætlaðar tekjur.

5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins.
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins.
- Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til,
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við

vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsmanna eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
- Að greiða félagsgjald.

6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr félaginu, eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu eða trúnaðarráði og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launþegi frá verslunar- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga.

7. gr. Brottvikning

Stjórn félagsins getur víkið úr félaginu hverjum þeim, sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundum. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórn félagsins er heimilt að velja heiðursfélaga og sæma menn gullmerki félagsins. Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og

iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald.

Heimilt er með samþykki aðalfundar að ákveða að félagsgjald atvinnulausra og öryrkja renni í aðra sjóði félagsins til að tryggja réttindi þeirra úr sjóðunum.

10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Skoðunarmenn reikninga eru tveir og einn til vara. Þeir eru kosnir til tveggja ára og skulu þeir kosnir sama ár og kosning formanns fer fram. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kys sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og uppfylla almenn hæfis skilyrði og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsis dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málafnum félagsins milli aðalfunda. Stjórnin skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórnin skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn ákveður laun formanns og framkvæmdastjóra.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórnin hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félaginu má verða til heilla.

Stjórn skal fela formanni/ framkvæmdastjóra daglegan rekstur félagsins og ræður hann þá starfsmenn og semur um kjör þeirra.

13. gr. Stjórnarfundir

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist skráð í sérstaka gerðarbók.

Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður sér um að gerðarbók sé rituð og hún varðveitt með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. 4 stjórnarmenn krefjast þess.

Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

14. gr. Trúnaðarráð

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri mál-efni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar 57 fulltrúar, alls 75 fulltrúar og 25 til vara sem kosnir eru í allsherjaratkvæðagreiðslu til eins árs í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar eftir því sem þurfa þykir.

15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess. Hlutverk deilda er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarnar. Stjórn deilda er kosin á deildarfundum. Stjórn deilda er

skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

16. gr. Trúnaðarmenn

Stjórn félagsins skipar trúnaðarmenn á vinnustöðum eða staðfestir skipun þeirra ef kosning hefur farið fram. Trúnaðarmenn skulu starfa eftir erindisbréfi er stjórn félagsins setur þeim.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins, samþykktum og samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsmanna á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsmenn félagsins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleiri félagsmenn til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrirtækjasamninga er samninganefnd heimilt skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðsla skal viðhafa:

1. Um kosningu stjórnar, skoðunarmanna reikninga og trúnaðarráðs.
2. Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
3. Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara eftir því sem við á.
4. Þegar trúnaðarráð eða lögmaður félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu.

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna nema sérstakar aðstæður hamli.

19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum við kosningar í félaginu. Tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

20. gr. Kosning stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga

Í félaginu skal starfa fimm manna uppstillinganefnd. Uppstillinganefnd skipa formaður félagsins og fjórir kosnir af trúnaðarráði. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Varamenn taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndinskal

kosin eigi síðar en 15. október. Formaður félagsins kallar nefndina saman í fyrsta sinn eftir að hún hefur verið kosin. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi. Hún gerir tillögur um hverjir skipi stjórn, trúnaðarráð og skoðunarmenn reikninga og leggur þær fyrir sameiginlegan fund trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum til samþykktar. Komi fram tillögur á fundinum um menn í stað þeirra sem eru tilnefndir á lista uppstillingarnefndar skal fara fram atkvæðagreiðsla á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum. Atkvæðisrétt hafa allir aðal- og varamenn í trúnaðarráði og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

Til að kosning teljist lögleg skulu a.m.k. 50% fulltrúa vera mættir á fund þegar atkvæðagreiðsla fer fram.

Náist slík þátttaka ekki skal fara fram póstatkvæðagreiðsla meðal trúnaðarráðs og trúnaðarmanna.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Uppstillingarnefnd skal skila endanlegum tillögum til kjörstjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Skriflegt samþykki allra þeirra sem í kjöri eru skal liggja fyrir þegar listi er fram borinn. Rafræn undirskrift telst fullnægjandi samþykki. Til þess að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs, sé löglega fram borinn, þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna. Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur. Kjörstjórn úrskurðar um hvort listar séu rétt fram bornir.

21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASI

Um kosningu fulltrúa á þing Landsambands íslenskra verzlunarmanna, og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

22. gr. Jafnræði

Við val á félagsmönnum til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

23. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum borgarinnar með 10 daga fyrirvara.

Aðalfundur hefur æðsta vald í mál-efnum félagsins.

24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Skýrsla um Lífeyrissjóð verzlunarmanna.
6. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
7. Lýst kjöri stjórnar, skoðunarmanna reikninga og trúnaðarráðs.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

25. gr. Félagfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt

AÐALFUNDUR VR

Nýr formaður

Gunnar Páll Pálsson hagfræðingur tók við formennsku í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur af Magnúsi L. Sveinssyni á aðalfundi félagsins mánudagskvöldið 25. mars sl. Magnús hafði gegnt starfi formanns félagsins í 22 ár en starfað hjá félaginu alls í 42 ár. Hann tilkynnti fyrr á árinu að hann myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður.

Stjórn félagsins samþykkti einróma að leggja til að Gunnar Páll Pálsson, hagfræðingur VR, yrði formaður og var það einnig einróma samþykkt í trúnaðarmannaráði félagsins. Auk Magnúsar hætti í stjórninni Elín Elíasdóttir sem hefur setið í 19 ár í stjórn félagsins. Nýir stjórnarmenn eru Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson. Þá voru samþykktar breytingar á lögum félagsins, sem birtast í heild hér í opnunni.

Aukin umsvif

Á fundinum kom fram að 80% fullgildra félagsmanna nutu þjónustu félagsins á einn eða annan hátt á liðnu starfsári eða ríflega 15 þúsund manns. Fullgildum félagsmönnum fjölgaði á milli ára og eru nú rúmlega 19 þúsund.

Aukning varð í öllum þáttum í starfsemi félagsins á milli ára.

að boða til fundar, þegar eigi færri en 200 félagsmenn krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafa í hendur. Fundur telst lögmaður, sé hann boðaður með auglýsingu í dagblöðum og/eða í útvarpi með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmaður félagsfundar hafa æðsta vald í öllum mál-efnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löginn setja.

26. gr. Sjóðir

Félagið rekur: Félagssjóð, Sjúkrajóð, Orlofsjóð, Fræðslusjóð og Vinnudeilusjóð. Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttáð og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.



Gunnar Páll Pálsson og Magnús L. Sveinsson. Mynd: Erling

Málum til sérstakrar meðferðar í kjaramáladeild fjölgaði um nær 80% og voru um 1.200 á árinu. Æ fjölbreyttari málaflókkar koma til kasta deildarinnar, s.s. mál sem varða persónuvernd, fjölskylduábyrgð, einelti o.fl.

Einnig varð aukning á greiðslum úr Sjúkrajóði. Heildarfrjávertingar úr Sjúkrajóði árið 2001 námu alls rúmlega 334 milljónum króna. Veittir voru styrkir til félagsmanna að upphæð tæplega 47 milljónir króna á árinu samanborið við rúmlega 16 milljónir króna árið áður. Má m.a. rekja þetta til breyttra reglna um styrkveitingar úr sjóðnum sem miða að því að auka valfrelsi félagsmanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka rekstrarstjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparissjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- e) á annan þann hátt er stjórn metur tryggan.

27. gr. Reikningar

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins.

Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmaður aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Á fundinum var samþykkt tillaga stjórnar um framlag að upphæð 50 milljónir króna úr Framkvæmdasjóði Sjúkrajóðs til byggingar 40 hjúkrunarrýma við hjúkrunarheimilið Eir. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í janúar 2004.

Mun fleiri félagsmenn fengu fræðslustyrki frá félaginu á árinu 2001 en árið áður eða 2.033 á síðasta ári samanborið við rúmlega 1.600 á árinu 2000. Veittir voru fræðslustyrkir að upphæð 46 milljónir króna á árinu samanborið við 34 milljónir króna árið áður. Á árinu tóku til starfa tveir nýir starfsmenntasjóðir sem samið var um í síðustu kjarasamningum.

Í fundarboði skal þess getið að laga-breytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.






Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

(Lög Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, samþykkt á aðalfundi VR 28. febrúar 1955 með áorðnum breytingum 19. febrúar 1958, 23. febrúar 1959, 10. febrúar 1965, 17. janúar 1967, 25. janúar 1969, 2. júní 1975, 11. febrúar 1976, 21. mars 1978, 18. mars 1991 og 25. mars 2002).

KROSSGÁTA

| | | FYLGI-FISKAR | NÍÐUR-ÁKAFI | VONDUR-HESTUR | SÍLLTA-ÖSKRA | GUÐ | PRÓF-ÓTTUR | KVEN-DÝR | VALSK-AN |
|--|----|-----------------------|---------------------|--------------------------|----------------------------|-------------------|-----------------------|------------|-------------------------|
|  | | | | | 12 | | | | |
| | | GAGN-LEGUR | | | | | | | |
| | | BAK-TALAR | | | | | 3 | | 16 |
| | | STRENG-URINN + 2 EINS | 2 | | | | | | 8 |
| | | HINN + OP-RAG-GEIT | | | 32 | | | | |
| | | BAR SÖK Á | HARMA RABBS | | 22 | | KVENNA-MADUR | | GÆLU-NAFN + FSALLS-RAHA |
| RAMA | 18 | | | | SÍGL-INGA-BANN-GLUFA | | | | 14 |
| ÍLÁT | | | 4 | | | | | | SVALUR |
| SMINK-AR | | | | | FLYGINN HÆFI-LEIKINN | | 6 | | |
| KEYRA | | | 13 | BEVG SKADDA | 9 | | FRAM-KVEMA-RAFA-BELTI | | |
| KRAFT-UR + KINDA | ↕ | | | | | | GÍMALD-BITINN | | 17 |
| ENDING | | 23 | KYRFLS + ELSKA | | SKYLD-MENN-INU-ÖSKERT | | | | 15 |
| GLATA | | | 7 | | MSÖR + SUDDI-LENGDAR-ÞINGI | | | | 1 |
|  | ↓ | SKORT-URINN-ÁRNAR | | | | 20 | VARMI | FEGRA | SEFAR + AKÖF |
| SÍÐ-FERÐI | 28 | | | | HAMA-GANGUR-HROGN-IN | 21 | | | |
| NÓA | | 10 | | HÁVEL-BORINN-HRYSSA-DANI | 11 | | | | GANGA-UR SÉR |
| UMRÖT | | | | 25 | GAGN-SKART-GRIPUR | 36 | HITA-SNUÐ | 5 | |
| ILL-GJARN-AN | | | | | | | | | 39 |
|  | 38 | FULL-BELTI | | | | 37 | HAF-ÞRÁIR | 19 | |
| MIKIL-MERGD | ↕ | | | | REIKN-INGR-INN-YLFUR | 30 | | | |
| STING | | | HATTUR-KVAÐS-STEINN | | 34 | SAM-HLIÐAR-SKUSSA | | SÁUR-TALAN | |
|  | | FÆDDI-RÆNDI | | | MANNS-NAFNS-SKELIN | | | | 24 |
|  | ↳ | KVEN-NAFNS | | | | 35 | KVN-TRUFL-UD | | |
| MATUR + KVÆÐI | 29 | | | | LEIÐ-AR-DOMS-FULL | | | | FRUM-EFNI |
| KLÖR-NATRIN + HAGNAÐ | | | | | | 27 | | | HLIÐ |
| REYFIÐ | | | | 31 | ÖRLÖG-IN | 26 | | | |



VERÐLAUN KR. 6.000

Lausn á krossgátunni í 2. tölublaði þessa árs, marsblaðinu, úr kvæðinu „Fyrir próf“, eftir Hannes Hafstein, er á þessa leið:

Á litlum lærdómshesti ég legg í prófsins hyl.

Að venju var dregið úr réttum lausnum og kom upp nafn Jóhónnu Ellýar Sigurðar-dóttur, starfsmanns hjá Máli og menningu. Jóhanna hefur fengið verðlaunin og myndin er af henni.

Þá snúum við okkur að gátunni, sem hér býður lausnar. Vísbending er sú ein að lausnin sé úr vísu eftir Þuru í Garði. Þetta er síðasta blað fyrir sumarfrí og því nægjanlegt að hafa síðasta móttökudag lausna mánu-daginn 12. ágúst.

Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagjö. Utanaskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfangið vr@vr.is

AF EVRÓPUVETTANGI



Bretland

Tillögur um sveigjanlegan vinnutíma

Ríkisstjórn Bretlands hefur lagt fram nýjar tillögur sem miða að því að foreldrar geti krafð vinnuveitendur um sveigjanlegri vinnutíma. Þeir vinnuveitendur sem neita að verða við slíkrri beiðni yrðu að útskýra hvers vegna slíkt væri ekki hagkvæmt. Munu þessar nýju reglur taka gildi í apríl árið 2003.

- Breskir foreldrar krefjast sveigjanlegri vinnutíma
- Breytingar á danskri vinnulöggjöf
- Samningaviðræður um starfsnám mistókust í Frakklandi
- Vinnutímastytting hjá hollenska flugfélaginu KLM
- Kynjajafnréttisstefna í Írlandi
- Aukning í símsvörunarþjónustu í Portúgal
- Samið um hófsemi í kauphækkunum á Spáni
- Félagsmálafestefna gagnrýnd í Þýskalandi



Danmörk

Breytingar á vinnumálalöggjöfni í undirbúningi

Hin nýja hægristjórn í Danmörku, sem kom til valda í nóvember 2001, undirbýr nú breytingar á vinnumálalöggjöf landsins. Enda þótt breytingarnar séu smávægilegar munu þær eingu að síður hafa töluverð áhrif á verkalýðsfélögin. Meðal breytinga er stofnsetning sjálfstæðs atvinnuleysistryggingasjóðs og ný reglugerð um hlutastörf.

efri stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera. Forsætisráðherra Írlands hefur sagt að stefnt sé að því að fjölga konum við stjórnun þannig að þær verði í einum þriðja allra stjórnunarstarfa. Stéttarfélagin hafa samþykkt stefnuna sem innifelur m.a. leiðbeiningar fyrir deildarstjóra opinberra stofnana um bestu leiðir til að framfylgja stefnunni til að jafnrétti sé á milli kynja.



Portúgal

Aukning í símsvörunarþjónustu

Í nýlegri könnun kemur í ljós að um 520.000 manns starfa nú við símsvörunarþjónustu í Portúgal. Er það um 1% vinnuafslandsins. Portúgal er eitt þeirra landa í Evrópu þar sem mest hefur orðið aukning á símsvörunarþjónustu og er það aðallega vegna lágs launakostnaðar. Búið er við að 50.000 ný störf muni verða á þessu sviði á næstu 10 árum. Símsvörunarþjónusta er mest áberandi í bankaviðskiptum, hjá fjarskipta-fyrirtækjum og í tryggingakerfinu.



Mynd: Pálmi Guðmundsson

Hin nýja hægristjórn í Danmörku, sem kom til valda í nóvember 2001, undirbýr nú breytingar á vinnumálalöggjöf landsins. Myndin er frá Kaupmannahöfn.



Frakkland

Samningaviðræður um starfsnám mistakast

Engin niðurstaða fékkst í viðræðum vinnuveitendasambanda og verkalýðssambanda um endurskoðun samninga um starfsnám. Megin ásteytingarsteinn viðræðna varðaði upphæðir sem vinnuveitendum væri gert að greiða á meðan á starfsnámi stendur; hve stór hluti tíma sem varið er við nám að tilhlutan vinnuveitenda ætti að teljast til vinnutíma auk ágreinings um áhrif mismunandi kjarasamninga á starfnámið.



Holland

Vinnutímastytting hjá KLM

Ríkisflugfélagið KLM í Hollandi hefur fengið leyfi ríkisstjórnar landsins til þess að stytta vinnutíma hinna 14.000 starfsmanna sinna og fá þeir því greiðslur til mótvægis úr atvinnuleysistryggingasjóði ríkisins. 78 önnur fyrirtæki hafa einnig óskað eftir samskonar fyrirgreiðslu við styttingu vinnutíma til að hjálpa þeim að takast á við hið erfiða efnahagsástand.



Írland

Stefna um kynjajafnrétti tekur gildi

Írski ríkisstjórnin hefur nýlega sett í gang kynjajafnréttisstefnu til að veita upp á móti ójafnvægi í

arsvegar og Samtaka verslunarinnar – FÍS hinsvegar frá janúar 2000 er ákvæði um að vísa beri til launaneftndar árlegri launaákvörðun ef verulegur brestur verður á að launþegar fylgi árlegri launaþróun í anda þessa nýja launakerfis sem samið var um. Launaneftnd skal þá úrskurða um lágmarkshækkun launa eigi síðar en 1. október ár hvert. Launaneftnd, sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, ákvað þann 3. júní sl. eftirfarandi breytingar á kjarasamningi.

Samið var um lágmarkslaunahækkunir til þeirra sem hafa verið samfelld í starfi hjá sama vinnuveitanda sl. 12 mánuði og hafa ekki fengið launahækkun sem svarar 6% frá 1. janúar 2001. Þeir skulu fá 6% hækkun

launa eða þann mismun sem á vantar frá og með 1. júní 2002, enda hafi þeir hvorki fengið aukin hlunnindi sem meta má til samsvarandi launahækkunar, eða gengið frá skriflegu samkomulagi um kjör sín á síðustu 12 mánuðum.

Þá var samið um lágmarkslaunungmenna. Laun 16-17 ára ungmenna skulu ekki vera lægri en kr. 77.500 á árinu 2002 og kr. 80.000 á árinu 2003. Þeir sem eru yngri en 16 ára skulu hafa að lágmarki kr. 70.000 í laun á samningstímanum.

Desemberuppbot hækkar í kr. 45.000 á árinu 2002 og kr. 50.000 á árinu 2003. Virkur vinnutími styttest úr 36 stundum og 30 mínútum í 36 stundir og 15 mínútur frá og með 1. júlí 2002.

Samkvæmt könnuninni eru starfsmenn aðallega háskólanemendur sem eru að drýgja tekjur sínar með náminu.



Spáni

Aðilar vinnumarkaðar semja um hófsemi í kauphækkunum

Stéttarfélag og félag vinnuveitenda á Spáni hafa gert með sér samkomulag um að stilla í hóf öllum kauphækkunum á árinu 2002. Þetta er fyrsti samningur þessa eðlis frá því árið 1984. Með þessum samningi er stefnt að því að fleiri störf muni skapast og að komið verði í veg fyrir meiriháttar endurskipulagningu fyrirtækja með samfarandi áhrifum á launþega.



Þýskaland

Efnahags sérfræðingar gagnrýna félagsmálafestefnu

Ráðgjafarnefnd efnahags-sérfræðinga í Þýskalandi hefur gagnrýnt fjölda úrræða stjórnarinnar í félags- og atvinnumálum og bent á nauðsyn þess að þessi málaflokkur sé endurskoðaður. Einnig hvetur nefndin aðila vinnumarkaðar til þess að hafa kauphækkunir hóflegar á árinu 2002 til þess að veita á móti mögulegri aukningu atvinnuleysis. Er mælt með því að kauphækkunir séu lægri en nemur framleiðni aukningu og verðbólgu ársins 2002 svo fyrirtækin geti haldið í starfsmenn og þurfi ekki að grípa til upp-sagna.

Apríl 2002 Árni Leósson

6% LÁGMARSLAUNAHÆKKUN

Samið var um 6% launahækkun til þeirra sem taka laun skv. kjarasamningi VR/LÍV og SV-FÍS og hafa ekki fengið hækkun sem því svarar frá 1. janúar 2001. Auk þess var samið um hækkun desemberuppbotar, lágmarkslaunungmenna, vinnutímastyttingu, lengingu á orlofi og hækkun á mótframlagi vinnuveitenda í lífeyrissjóð.

Í kjarasamningi VR og Landsambands verzlunarmanna ann-



5.000 kr. innborgun á fríið þitt

Nú eiga fullgildir félagar í VR og VA rétt á orlofsávísun sem hægt er að nota sem greiðslu upp í ferðir, bæði innanlands og utan. Með þessu vill VR auka þjónustuna við félagsmenn sína og stuðla að því að sem flestir geti notið lífsins í góðu fríi en það er stór þáttur í auknum lífsgæðum.

Gerður hefur verið samstarfssamningur við fimm aðila í ferðaþjónustu og gildir ávísunin sem greiðsla upp í ferðir hjá þeim auk þess sem hún kemur að góðum notum hjá þeim félagsmönnum sem leigja orlofshús eða tjaldvagn hjá VR.

Þú getur notað orlofsávísunina hjá eftirtöldum aðilum:
Ferðafélagi Íslands, Fosshótelunum, Heimsferðum, Heimsklúbbi Ingólfs, Útivist, og við leigu á orlofshúsum og tjaldvögnum VR innanlands.

Þú getur kynnt þér möguleikana nánar í bæklingi sem verður dreift með ávísununum, á heimasíðu VR, www.vr.is, og hjá samstarfsaðilum.



Starf okkar
eflir
þitt starf

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

